

**Fundargerð samstarfsnefndar
MATVÍS
og
Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Fundur samstarfsnefndar var haldinn fimmtudaginn 1. júní 2023. Samskipti fóru fram í tölvupóstum.

Fyrir hönd MATVÍS: Óskar Hafnfjörð Gunnarsson og Benóný Harðarson.

Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga: Inga Rún Ólafsdóttir, Helgi Aðalsteinsson og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi var tekið fyrir

1. Breytingar á iðgjöldum í sjóði

Markmið eftirfarandi breytinga er jafna greiðslur milli iðnfélaga í Orlofheimilsjóðs- og styrktarsjóðsgjald og starfsmenntunarsjóð. Samhliða er grein 13.6 í kjarasamningi MATVÍS um sjúkrasjóð felld niður.

13.3 ORLOFSHEIMILASJÓÐS- OG STYRKTARSJÓÐSGJALD

Grein 13.3.1 breytist og hljóði svo:

13.3.1 Til orlofssjóðs, og styrktar- og sjúkrasjóðs greiðir vinnuveitandi samtals 1,44% af heildarlaunum.

Gjaldið var áður 1% en eftir 1. júní 2023 er gjaldið 1,44%.

13.4 STARFSMENNTUNARSJÓÐUR

Grein 13.4.1 breytist og hljóði svo:

13.4.1 Launagreiðandi greiðir sérstakt gjald í starfsmenntasjóð. Gjald þetta nemur 0,4% af heildarlaunum starfsmanns.

Gjaldið var áður 0,5% en eftir 1. júní 2023 er gjaldið 0,4%.

Grein 13.6. um sjúkrasjóð fellur niður.

13.6 SJÚKRASJÓÐUR

13.6.1 Vinnuveitendur skulu greiða í sjúkrasjóð viðkomandi félags sem svarar til 0,33% af heildarlaunum starfsmanna til að standa straum af veikindum og sjúkrakostnaði.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.